

Liivik gegn Eistlandi

Dómur frá 25. júní 2009

Mál nr. 12157/05

7. gr. Engin refsing án laga

Fyrirsjáanleiki laga. Túlkun refsheimilda.

1. Málsatvik

Kærandi, Jaak Liivik, er eistneskur ríkisborgari, fæddur árið 1951 og búsettur í Saku í Eistlandi. Hann var skipaður sviðsstjóri hjá eistnesku einkavæðingarstofnuninni í október 1999 og var sem slíkur ábyrgur fyrir daglegum rekstri stofnunarinnar, m.a. samningum um einkavæðingu. Í febrúar 1999 ákvað eistneska þingið að einkavæða það hlutafélag sem var eigandi járnbrautanna í Eistlandi. Hlutafélagið var í fjárhagskröggum og var haldið alþjóðlegt opinbert útboð sem satti mikilli gagnrýni. Samningur komst á um einkavæðingu járnbrautanna í apríl 2001 og kærandi skrifaði undir fyrir hönd einkavæðingarstofnunarinnar. Í ágúst 2001 samþykkti kærandi, fyrir hönd eistneska ríkisins, að á það féllu ábyrgðir samkvæmt samningnum sem stöfuðu m.a. af kröfum á hendur bjóðanda. Í september 2001 var kærandi kærður fyrir misnotkun á valdi sínu fyrir að hafa farið út fyrir umboð sitt og skuldbundið ríkið fjárhagslega. Í janúar 2004 var kærandi dæmdur til tveggja ára fangelsisvistar. Í niðurstöðu dómstóla kom fram að hann hefði með framferði sínu valdið talsverðu tjóni. Hann hefði stefnt eignum ríkisins í hættu, jafnvel þó ekki hefði komið til þess að ríkið gengist í ábyrgð fyrir skuldir bjóðanda. Jafnframt hefðu athafnir hans, sem háttsetts embættismanns, verið í ósamræmi við almenn réttlætissjónarmið og hefðu skaðað orðspor ríkisins á alþjóðavettvangi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið m.a. gegn réttindum hans samkvæmt ákvæði 7. gr. sáttmálans, sérstaklega þar sem þau lög sem sakfelling hans var byggð á, hefðu ekki verið nægilega skýr refsheimild.

Niðurstaða

Um 7. gr. Dómstóllinn taldi að túlkun og beiting ákvæða landslaga, sem voru grundvöllur sakfellingar kæranda, hefði falið í sér svo óskýr hugtök og óljósan mælikvarða, að kröfur sáttmálans um skýrleika og fyrirsjáanleika laga hefðu ekki verið uppfylltar. Samkvæmt landsrétti verði sá, sem ákærður sé fyrir misnotkun á opinberu valdi, að hafa valdið verulegu tjóni. Enginn mælikvarði hafði þróast fyrir mat á hættu á tjóni. Ennfremur hafði kæranda verið skylt að einkavæða járnbrautirnar og þurfti því að vega þá áhættu, sem fælist í að halda áfram með einkavæðingu hlutafélagsins á móti þeirri áhættu, sem hlytist af að hætta við samningsgerð.

Ennfremur taldi dómstóllinn að sá mælikvarði, sem innlendir dómstólar hefðu beitt til að sýna fram á að kærandi hefði valdið umfangsmiklu og siðferðilegu tjóni, hefði verið of óskýr. Mælikvarðinn byggðist á því að kærandi hefði verið háttsettur embættismaður, á sviði sem vakti mikla opinbera athygli, og að athafnir hans hefðu verið í samræmi við almenn réttlætissjónarmið.

Var það því einróma niðurstaða dómstólsins að það hefði ekki verið nægjanlega fyrirsjáanlegt að athafnir kæranda hefðu talist brot samkvæmt landsrétti og hefði ríkið því brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 7. gr. sáttmálans.

Með vísan til 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 5.000 evrur í miskabætur og 9.000 evrur í málskostnað.